

## AUGLÝSING

**um deiliskipulag frístundabyggðar í landi Norðurkots,  
lóð nr. 60, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag sumarhúsabyggðar í landi Norðurkots, lóð nr. 60, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 14. desember 1999.*

**Guðmundur Rúnar Svavarsson** sveitarstjóri.

## AUGLÝSING

**um deiliskipulag frístundabyggðar í Kerhrauni  
í landi Klausturhóla, Grímsnes- og Grafningshreppi.**

Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps hefur samkvæmt 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkt deiliskipulag frístundabyggðar í Kerhrauni í landi Klausturhóla, Grímsnes- og Grafningshreppi. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

*Grímsnes- og Grafningshreppi, 14. desember 1999.*

**Guðmundur Rúnar Svavarsson** sveitarstjóri.

## SAMÞYKKT

**um stjórn Grindavíkurkaupstaðar og fundarsköp bæjarstjórnar.**

### I. KAFLI

**Um skipan bæjarstjórnar og verkefni hennar.**

#### 1. gr.

Bæjarstjórn Grindavíkurkaupstaðar er skipuð sjö bæjarfulltrúum kjöllum samkvæmt lögum um kosningar til sveitarstjórnar nr. 5/1998, sbr. 8. og 12. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 45/1998.

#### 2. gr.

Starfstímabil bæjarstjórnar hefst 15 dögum eftir kjördag í bæjarstjórnarkosningum og gildir til jafnlengdar að fjórum árum liðnum.

#### 3. gr.

Bæjarstjórn fer með stjórn Grindavíkurkaupstaðar samkvæmt ákvæðum sveitarstjórnarlaga og annarra laga. Jafnframt fer bæjarstjórnin með yfirstjórn stofnana og fyrirtækja á vegum bæjarins, að svo miklu leyti sem bæjarstjórn hefur ekki falið öðrum slíka yfirstjórn.